

Sorpa bs.
Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri
Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2024

Efni: Órökstuddar hækkanir og rangir hvatar í gjaldskrá Sorpu

Félagsmenn í Félagi atvinnurekenda (FA) sem stunda innflutning og framleiðslu matvæla hafa bent félaginu á verðþróun mikilvægra úrgangsflokka hjá Sorpu frá byrjun síðasta árs.

Gjald fyrir móttöku matvæla í umbúðum, sem notuð eru til jarðgerðar í Gaiu, hefur frá 1. janúar 2023 hækkað um 86,22% eins og sjá má í töflunni að neðan. Gjaldið var áður mun lægra en gjald fyrir óflokkaðan úrgang, sem fer nú orðið til brennslu. Það var augljós hvati fyrir fyrirtæki að taka umhverfisvænni kostinn og tryggja að útrunnin matvæli færu til jarðgerðar. Um síðustu áramót tók gjaldtaka fyrir móttöku á matvælum umbúðum hins vegar gríðarlegt stökk; gjaldið hækkaði úr 40,64 kr. í 69,09 kr. án virðisaukaskatts. Það er hækkun upp á rúmlega 70% á einu bretti.

Sorpa og Íslenska gámafélagið - breytingar á gjaldskrá 2023-2024

Verð í kr., án vsk.

Sorpa

	Gjaldskrá 1.1. til 30.6. 2023	Gjaldskrá 1.7. til 31.12. 2023	Gjaldskrá 1.1. til 30.6. 2024	Gjaldskrá 1.7. til 31.12. 2024	Hækkun frá ársbyrjun 2023
Óflokkaður úrgangur	61,36	64,93	69,09	71,51	16,54%
Matvæli í umbúðum	38,40	40,64	69,09	71,51	86,22%

Íslenska gámafélagið

	Janúar 2023	Apríl 2023	Desember 2023	Janúar 2024	Júlí 2024	
Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu	45,08	46,00	48,00	49,50	49,50	9,80%

Í tilkynningu sem fylgdi gjaldskrárhækkuninni var tilgreint að almenn hækkun á tekjum Sorpu væri um 12%, en um aðrar breytingar sagði:

„Nokkuð verulegar breytingar verða hins vegar á tilteknum úrgangsflokkum, sérstaklega flokkum sem teknir eru inn á urðunarstað.

Hækkun á gjaldskrá á urðunarstað er fyrst og fremst til komin vegna verulegrar minnkunar á magni til urðunar. Helsta ástæða þessarar minnkunar er sú að sá blandaði úrgangur sem hingað til hefur verið urðaður í Álfsnesi verður sendur til orkuvinnslu í Svíþjóð allt næsta ár.

Orkuvinnsla með þessum hætti er skárrí leið til að meðhöndla úrgang en urðun, og er skör ofar í úrgangspríhyrningnum en urðun.

Aðrar breytur sem valda breytingum á gjaldskrá eru meðal annars fjárfestingar á urðunarstað til að bæta ásýnd og gassöfnun á urðunarstað, bann við urðun á lífrænum úrgangi á urðunarstað og fleira.“

Ekkert af þessu útskýrir 70% hækkun á gjaldi fyrir móttöku matvæla í umbúðum, sem fara ekki til urðunar heldur í jarðgerð. FA fer því fram á að Sorpa sendi félaginu rökstuðning fyrir gjaldskrárhækkuninni og tilgreini breytingar á þeim kostnaðarliðum, sem þarna liggja að baki.

Gjald fyrir móttöku matvæla í umbúðum til jarðgerðar var í byrjun síðasta árs 37,4% lægra en gjald fyrir móttöku óflokkaðs úrgangs til brennslu en hefur frá áramótum verið það sama. Þessi breyting dregur augljóslega úr hvata fyrirtækja til að taka umhverfis- og loftslagsvænni kostinn og koma útrunnum matvælum í jarðgerð.

Hér ber líka að líta til þess að Sorpa starfar ekki ein á sorpmarkaðnum. Í töflunni að ofan er einnig rakin þróun gjalds fyrir móttöku óflokkaðs úrgangs til brennslu hjá keppinauti Sorpu, Íslenska gámafélaginu. Í byrjun síðasta árs var gjald fyrir móttöku matvæla í umbúðum hjá Sorpu tæplega 15% lægra en ef úrganginum var skilað óflokkuðum til brennslu hjá ÍG. Eftir síðustu gjaldskrárbreytingar er umrætt gjald hjá Sorpu hins vegar 44,45% *hærra* en gjaldskrá almenns sorps hjá ÍG.

Raunar vekur það athygli FA að á þessum tíma, þ.e. frá ársbyrjun 2023, hefur gjald fyrir móttöku óflokkaðs sorps hjá Sorpu hækkað um 16,54%, en á sama tíma hefur gjald fyrir almennt sorp hjá ÍG hækkað um innan við 10%.

FA hvetur Sorpu til að gera breytingar á gjaldskrá sinni sem veita fyrirtækjum hvata til að velja umhverfis- og loftslagsvænni kosti við meðhöndlun úrgangs. Hér skal jafnframt ítrekuð ofangreind beiðni FA um rökstuðning fyrir þeim gífurlegu hækkunum, sem hafa orðið á gjaldtöku fyrir móttöku matvæla í umbúðum.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA